

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags:	7.7.2015
Málalýkill	00.44
Mál nr.	1507068

Garðabæ, 2. júlí 2015

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2014.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2014 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar miðvikudaginn 6. maí 2015.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 2.250.000 kr. á árinu og ráðstafaði sjóðsstjórn 2.556.000 kr. til styrkumsækjenda og þurfti því að auki að nota allar fjármagnstekjur ársins og rétt ríflega það. Tekjur lækkuðu milli ára en styrkveitingar jukust. Ávöxtun á safni hefur verið dræm þar sem eingöngu hefur verið fjárfest í ríkistryggðum bréfum. Á árinu 2014 var samþykkt að leita leiða til að auka ávöxtun fjármuna sjóðsins með eitthvað breyttri fjárfestingarstefnu.


Styrkveitingar voru ca 65 á árinu, þar af 40 sem komu til afgreiðslu við úthlutun fyrir jól (jólastyrkir). Einhver fjölgun umsókna var milli ára, en fjöldi jólastyrkja var svipaður milli ára. Meira bar þó á beiðnum um skyndiaðstoð sem eru lægri fjárhæðir á bilinu 10-20 þús. kr.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti sem framlag til Styrktarsjóðsins 1.000.000 kr. fyrir árið 2015 sem er hækkun um 200.000 kr. frá fyrra ári. Garðabær leggur sjóðnum a.m.k til sömu fjárhæð skv. samþykktum sjóðsins eða 1.000.000 kr.

Ekkert bendir til þess að umsóknum muni fækka á þessu ári. Ef þess er nokkur kostur að Garðabær leggi sjóðnum til herra framlag í ár kæmi það í góðar þarfir en bæjarsjóður lagði tímabundið til aukið fé á árunum eftir hrun.

Þess er óskað að framlag verði greitt við fyrsta hentugleika inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka í Garðabæ, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar


Einar Farestveit, gjaldkeri